

Útflutningur og útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2012

Export and export production of marine products 2012

Samantekt

Árið 2012 nam verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða tæpum 277 milljörðum króna og jókst um 7,9% frá fyrra ári. Er þar um að ræða samtölu útflutnings og birgðabreytinga sjávarafurða. Framleiðslan mæld á föstu verði jókst um 5,4%. Fluttar voru út sjávarafurðir að verðmæti 269 milljarðar króna og jókst verðmæti þeirra milli ára um 6,8% og í magni um 11,3%. Útflutningsverðmætið mælt á föstu verði jókst um 4,2% milli ára. Árið 2012 voru flutt út 749 þúsund tonn samanborið við 672 þúsund tonn árið áður. Frystar afurðir skiluðu 53% af heildarútflutningsverðmæti. Af einstökum afurðum vóg verðmæti heilfrysts makrils mest, tæplega 19 milljörðum króna. Af heildarútflutningi sjávarafurða fór 78,7% til Evrópu, 8,8 % til Asíu og 5,5% til Norður-Ameríku.

Magn útfluttra sjávarafurða

Aukning um 11,3% í magni milli ára

Útflutningur sjávarafurða jókst á milli árána 2011 og 2012 um 11,3% eða um rúm 76 þúsund tonn. Árið 2012 voru flutt út tæp 749 þúsund tonn samanborið við 672 þúsund tonn árið áður.

Tæp 226 þúsund tonn voru flutt út af botnfiskafurðum sem eru 30,1% af heildarútflutningi sjávarafurða. Þar af námu þorskafurðir tæpum 101 þúsund tonnum en voru árið áður 95 þúsund tonn. Útfluttar afurðir flatfisktegunda námu rúmum 17 þúsund tonnum árið 2012 samanborið við tæp 16 þúsund tonn árið 2011. Afurðir grálúðu vega þyngst í flatfiskafurðum og nam hlutur hennar rúmum 11 þúsund tonnum sem er um 18,6% meiri útflutningur í tonnum talið en árið áður.


Hlutur uppsjávartegunda var 57,6% af heildarútflutningi sjávarafurða og nam 431 þúsund tonnum, sem er um 82 þúsund tonna meiri útflutningur en árið áður og 128 þúsundum tonna meiri útflutningur en 2010. Árið 2012 skipuðu loðnuafurðir stærstan sess í útflutningi uppsjávartegunda en undanfarin ár hafa síldarafurðir verið fyrirferðamestar. Flutt voru út um 178 þúsund tonn af loðnu, sem er tæplega 78 þúsund tonna aukning frá árinu áður. Útflutningur á síldarafurðum var tæp 115 þúsund tonn árið 2012 sem er 15 þúsund tonna samdráttur frá 2011. Tæp 107 þúsund tonn voru flutt út af makrílafurðum, sem er um 2,7% samdráttur frá 2011. Töluvert magn af fiskimjöli er ekki tegundaskipt í útflutningsskýrslum og flokkast því utan aflategunda. Ætla má að þetta mjöl sé að stærstum hluta uppsjávartegunda og voru tæp 22 þúsund tonn flutt út af því. Það er rúmlega 7 þúsund tonna samdráttur frá árinu 2011. Athuga þarf að tölur um útflutning á mjöli einstakra tegunda þarf að skoða með fyrirvara þar sem blöndun afurða á sér stað í vinnsluferli þeirra.



Útflutningur skel- og krabbadýra nam 13 þúsund tonnum, sem er um 3 þúsund tonna samdráttur frá árinu 2011. Stærsti hluti þess útflutnings voru rúmlega 10 þúsund tonn af rækju.

Mynd 1. Magn útfluttra sjávarafurða 1997–2012

Figure 1. Quantity of exported marine products 1997–2012




Verðmæti útfluttra sjávarafurða

Á föstu verðlagi ársins 2012 jókst útflutningsverðmæti um 4,2% frá fyrra ári

Útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2012 nam tæpum 269 milljörðum króna og á föstu verðlagi ársins 2012 miðað við verðvísitölu sjávarafurða jókst verðmætið um 4,2% frá fyrra ári. Hluttur sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings landsins var 42,4% árið 2012 á meðan hluttur sjávarafurða af heildarverðmæti útflutnings á vöru og þjónustu var 26,6%.

Mynd 2. Verðmæti útfluttra sjávarafurða 2006–2012 á föstu verðlagi 2012

Figure 2. Value of exported marine products 2006–2012 at 2012 prices




Botnfiskafurðir 57% af verðmæti sjávarafurða

Afurðir botnfisks eru tæp 57% af verðmæti sjávarafurða eða um 153 milljarðar króna en verðmæti botnfisks jókst um 7,3 milljarða milli ára. Hlutur þorskaafurða er stærstur, en útflutningsverðmæti þeirra nam tæpum 83 milljörðum og jókst um 7,5% milli ára. Útflutningsverðmæti ýsuafurða nam rúmum 16,4 milljörðum á árinu 2012 og jókst um 1,7% milli ára. Útflutningsverðmæti annars botnsjávarafla en þorsks og ýsu jókst um 2,3% frá fyrra ári.

Mynd 3. Hlutur sjávarafurða í heildarverðmæti útflutnings vöru og þjónustu 2009–2012

Figure 3. The share of exported marine products of total value of exported goods and services 2009–2012



Útflutningsverðmæti flatfisktegunda var 12,8 milljarðar á árinu 2012 en 11,9 milljarður króna árið áður. Grálúðan var verðmætust flatfisktegunda og nam útflutningsverðmæti hennar 9,5 milljörðum króna árið 2012 á móti 8 milljörðum króna árið 2011.

Útflutningsverðmæti makrílafurða dróst saman um 18,9%

Hlutur uppsjávartegunda af útflutningsverðmæti sjávarafurða var 29%, eða 77,8 milljarðar króna, og jókst um 15,8% frá árinu 2011. Af einstökum tegundum var útflutningsverðmæti loðnuafurða hæst og nam rúmum 29,7 milljörðum sem er 62% aukning frá fyrra ári. Útflutningsverðmæti síldarafurða jókst um 6% milli ára og nam tæpum 25,6 milljörðum króna árið 2012. Útflutningsverðmæti makrílafurða nam 19,6 milljörðum króna árið 2012 sem er 18,9% samdráttur frá árinu 2011. Verðmæti blandaðs fiskmjöls var tæpir 4 milljarðar króna árið 2012, sem er samdráttur um 26,1% milli ára.

Útflutningsverðmæti afurða skel- og krabbadýra nam 14,3 milljörðum króna og dróst saman um 6% frá árinu 2011. Verðmæti útfluttra rækjuafurða námu 11,1 milljarði króna árið 2012 en voru 11,3 milljarðar króna árið 2011.


Hlutfall frystra afurða meira en helmingur alls útflutningsverðmætis

Af einstökum afurðaflokkum skilaði frysting ríflega 53% alls útflutningsverðmætis eða 142 milljörðum króna sem er tæplega 1,7 milljarða króna samdráttur frá árinu 2011. Útflutningsverðmæti ísaðra fiskafurða jókst um 5,8% og nam rúmum 44 milljörðum króna. Þetta er áttunda árið í röð sem verðmæti ísaðra afurða eru hærra en saltaðra, en verðmæti þeirra var tæpir 27 milljarðar króna. Hlutfall ísaðra afurða af útflutningsverðmæti var 16,5% en hlutur saltaðra afurða nam 10%. Útflutnings-

verðmæti mjöls og lýsis nam 13,7% af útflutningsverðmæti sjávarafurða og var 36,9 milljarðar króna til samanburðar við 29,2 milljarða árið 2011.

Mynd 4. Hlutfallsleg skipting útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1997–2012

Figure 4. Percentage share of the value of exported marine products by product categories 1997–2012



Af einstökum afurðum þá skilaði heilfrystur makrill mestu útflutningsverðmæti, eða tæplega 19 milljörðum króna. Ferskur kældur þorskur skilaði 17,4 milljörðum, og blautverkaður saltaður þorskur 14,5 milljörðum. Loðnummjöl skilaði 13,9 milljörðum króna og sjófrystur karfi 11,8 milljörðum.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða umreiknað í meðal kaupgengi árs í Bandaríkja dollurum var 2.153 milljónir árið 2012 sem er 19 milljónum dollara minni upphæð en árið áður. Krónan veiktist á árinu en meðalverð á dollaranum hækkaði um 7,8% árið 2012 miðað við fyrra ár. Í heild hækkaði meðalverð gjaldmiðla um 1,8% frá 2011 samkvæmt vísitölu meðalgengis – vöruskiptavog víð, en upplýsingar um gengisvísitölu fengust á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

Útflutningsframleiðsla sjávarafurða

Aukning í verðmæti útflutningsframleiðslu mælt á föstu verði um 5,4%


Útflutningsframleiðsla sjávarafurða, sem er samtala útflutnings og birgðabreytinga sjávarafurða, jókst um 13,1% frá árinu 2011 í tonnum talið. Sé útflutningsframleiðslan hins vegar metin á föstu verði miðað við verðvísitölu sjávarafurða nemur aukningin 5,4%. Til útflutningsframleiðslu sjávarafurða teljast hvorki afurðir fiskeldis né niðurlagðar sjávarafurðir.

Verðmæti útflutningsframleiðslu 277 milljarðar króna

Heildarverðmæti útflutningsframleiðslunnar á árinu 2012 nam tæpum 277 milljörðum króna en framleiðsla ársins 2011 nam 256 milljörðum. Framleitt magn nam 769 þúsund tonnum árið 2012 en var 679 þúsund tonn árið 2011.


Mynd 5. Verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða 2011 og 2012

Figure 5. Value of export production of marine products 2011 and 2012



Mynd 6. Útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2011 og 2012

Figure 6. Export production of marine products 2011 and 2012



Af einstökum afurðum drógust verðmæti frystra afurða saman um 2,3% en aukning í magni var 5,2%. Verðmæti ísaðra afurða jókst um 5,9% en magn jókst um 2,2%. Framleiðsluverðmæti saltaðra og hertra afurða jókst um 13,9% og magn jókst um 9,2%. Framleiðsluverðmæti mjöls og lýsis jókst um 46% en magn þeirra um 34%.

Skipting útflutnings eftir markaðssvæðum og ríkjum


Útflutningsverðmæti til Evrópu jókst um 2,62% milli ára

Evrópa er mikilvægasta markaðssvæðið fyrir íslenskar sjávarafurðir. Árið 2012 voru sjávarafurðir að verðmæti 211 milljarða króna fluttar þangað út sem er 78,7% af heildar útflutningsvirði sjávarafurða. Verðmæti útfluttra sjávarafurða til Evrópulanda jókst um 5,4 milljarða króna milli ára eða um 2,62%. Útflutningur til Asíu nam 23,6 milljörðum króna eða um 8,8% af heildarútflutningsvirði sjávarafurða og jókst um 7% milli ára. Útflutningur til Afríku nam 16,7 milljörðum króna árið 2012, sem er 6,2% af útflutningsvirði sjávarafurða. Bretland er mikilvægasta viðskiptalandið. Fluttar voru út vörur þangað fyrir tæpa 47 milljarða króna eða sem

nemur 17,4% af útflutningsverðmæti 2012. Til Noregs voru seldar afurðir fyrir 21 milljarð eða sem nemur 7,9% útflutningsverðmætis. Þar á eftir komu Spánn, Rússland, Frakkland, Nígería og Holland.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting útfluttra sjávarafurða eftir löndum 2002–2012

Figure 7. Percentage share of the value of exported marine products by countries 2002–2012




Verðvísitala sjávarafurða

Á myndum 8 til 10 má sjá þróun afurðaverðs á botnfiski eftir vinnsluaðferðum, auk verðvísitölu mjöls og lýsis af uppsjávarfiski og verðvísitölu skelfisks. Er hér byggt á mánaðartölum frá byrjun árs 2006. Í janúar 2008 urðu breytingar á birtum tölum Hagstofunnar yfir verðvísitölu sjávarafurða og útreikningar á verðvísitölu sjávarafurða voru færðir til samræmis við útreikninga á vísitölu framleiðsluverðs. Verðsöfnun í sjávarútvegsfyrirtækjum fer fram á sama hátt og tíðkast hjá öðrum fyrirtækjum í úrtaki Hagstofunnar. Gögnin sem berast eru tæmandi fyrir viðskipti fyrirtækjanna sem þátt taka í hverjum mánuði og er því hægt að fylgjast bæði með verðbreytingum og þróun á framleiðslumagni.


Mynd 8. Verðvísitala botnfisks 2006–2012 (janúar 2006=100)

Figure 8. Price index of demersal catch 2006–2012 (January 2006=100)




Mynd 9. Verðvísitala skelfisks 2006–2012 (janúar 2006=100)

Figure 9. Price index of shellfish 2006–2012 (January 2006=100)



Mynd 10. Verðvísitala mjöls og lýsis af uppsjávarfiski (janúar 2006=100)
 Figure 10. Price index of meal and oil from pelagic fish (January 2006=100)



English summary

In 2012 the export production of marine products amounted to ISK 277 billion and increased in value by 7.9% from previous year, 5.4% at constant prices. Export of marine products amounted to 749 thousand tonnes and the total value amounted to ISK 269 billions. The export increased in quantity by 11.3%, and in value by 6.8%. Frozen products generated 53% of the value of exported marine products, but the highest export revenues were from whole frozen mackerel. Europe is the most important market area for Icelandic marine products and in 2012 the export value for this category of products to Europe amounted to 78,7% of the export value.

Tafla 1. Magn útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1979–2012
Table 1. Quantity of exported marine products by product categories 1979–2012

Tonn <i>Tonnes</i>	Alls útflutt <i>Total</i>	Fryst <i>Frozen</i>	Saltað <i>Salted</i>	Ísað <i>Fresh and chilled</i>	Hert <i>Dried</i>	Mjöl/lýsi <i>Meal/fish oil</i>	Lagmeti <i>Canned goods</i>	Annað <i>Other</i>
1979	565.823	146.304	69.905	44.523	3.280	298.098	1.832	1.881
1980	550.113	144.223	75.810	58.202	12.625	253.161	1.939	4.153
1981	495.220	133.237	82.371	35.134	18.988	213.675	1.740	10.075
1982	367.707	131.562	79.627	38.341	4.270	102.461	2.431	9.015
1983	335.417	145.588	71.495	44.021	6.463	51.540	2.867	13.443
1984	489.119	146.295	70.729	67.735	1.306	194.903	3.391	4.760
1985	698.014	156.063	77.992	165.075	1.103	287.620	3.773	6.388
1986	718.727	167.980	77.710	152.968	7.167	292.464	3.807	16.631
1987	642.220	177.090	89.847	119.641	7.282	232.758	3.942	11.660
1988	693.516	159.176	90.803	151.963	3.517	276.816	3.805	7.436
1989	652.768	190.474	79.760	176.763	4.731	185.880	3.560	11.600
1990	623.353	190.766	76.343	139.949	6.594	199.090	3.858	6.753
1991	471.646	193.970	61.929	95.667	6.386	99.624	2.576	11.494
1992	569.979	190.365	51.340	89.620	6.370	210.286	2.785	19.213
1993	635.368	201.971	50.270	75.192	6.785	275.362	2.709	23.079
1994	640.109	244.526	60.486	62.277	6.173	263.033	2.812	802
1995	607.512	224.375	59.795	47.868	6.094	264.654	2.121	2.605
1996	783.243	269.550	66.786	48.131	7.865	387.685	2.980	245
1997	794.981	280.458	61.306	55.413	10.325	382.064	3.893	1.522
1998	718.729	271.893	61.400	43.395	10.704	323.826	3.635	3.876
1999	688.071	194.539	64.160	70.464	10.569	329.191	3.216	15.932
2000	728.410	193.080	63.381	110.648	11.150	331.813	2.909	15.429
2001	781.632	211.988	61.408	117.432	11.767	359.709	2.610	16.717
2002	806.839	250.430	57.575	95.533	13.862	367.757	2.643	19.038
2003	808.958	260.292	52.922	105.285	13.239	355.048	–	22.173
2004	827.537	313.815	54.917	96.220	15.399	321.147	–	26.040
2005	754.514	330.028	49.732	89.993	14.935	245.694	–	24.133
2006	661.197	317.096	48.848	87.275	14.748	166.600	–	26.631
2007	619.534	285.631	47.662	77.959	13.312	184.281	–	10.690
2008	696.897	300.345	38.565	111.688	12.752	202.078	–	31.469
2009	668.902	285.988	41.388	101.627	15.408	193.471	–	31.019
2010	632.003	361.411	39.209	65.031	13.404	126.343	–	26.605
2011	672.247	389.864	38.312	59.413	12.328	151.045	–	21.285
2012	748.619	417.701	34.364	60.745	20.564	179.764	–	35.480

Skýringar *Notes:* Tekin hefur verið upp samræmd flokkun sjávarafurða og því innihalda heildartölur ekki afurðir í loftþéttum umbúðum frá og með árinu 2003. *From 2003 canned goods are not included in total numbers.*

Tafla 2. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1979–2012

Table 2. Value of exported marine products by product categories 1979–2012

Millj. kr. ¹ <i>Million ISK¹</i>	Alls millj. kr. <i>Million ISK, total</i>	Fryst <i>Frozen</i>	Saltað <i>Salted</i>	Ísað <i>Fresh and chilled</i>	Hert <i>Dried</i>	Mjöl/lýsi <i>Meal/ fish oil</i>	Lagmeti <i>Canned goods</i>	Annað <i>Other</i>	Alls millj. USD <i>Million USD, total</i>
1979	211.040	110.437	40.458	11.645	5.063	39.483	3.052	902	599
1980	338.808	151.162	70.998	21.768	33.533	52.778	4.880	3.691	707
1981	5.179	2.064	1.274	199	813	666	64	101	715
1982	6.508	3.337	1.851	391	315	382	157	75	520
1983	13.049	7.701	2.755	743	742	466	381	260	522
1984	16.332	9.132	3.252	1.079	92	2.231	505	41	516
1985	25.940	14.102	4.816	2.600	184	3.498	713	27	626
1986	35.472	18.827	6.878	4.038	900	3.709	842	279	864
1987	41.435	21.119	10.004	4.959	1.082	2.976	1.113	182	1.073
1988	45.158	21.272	10.551	6.082	717	5.050	1.332	154	1.048
1989	58.303	29.454	11.556	9.195	1.252	4.932	1.494	419	1.020
1990	72.351	37.864	14.151	11.987	1.245	5.124	1.714	265	1.243
1991	75.032	44.026	15.061	10.369	964	2.829	1.340	444	1.271
1992	71.308	42.154	12.021	8.390	794	5.766	1.399	785	1.240
1993	76.092	46.737	10.912	7.620	975	7.535	1.521	792	1.123
1994	87.540	55.699	13.410	8.047	779	7.579	1.779	249	1.254
1995	85.734	53.686	13.892	6.977	669	8.295	1.521	694	1.325
1996	95.061	54.581	16.023	7.457	1.230	13.993	1.566	209	1.429
1997	96.498	53.286	15.573	7.992	1.580	15.838	1.919	310	1.363
1998	101.922	55.411	17.858	8.606	1.551	16.436	1.791	268	1.437
1999	99.348	54.676	20.211	10.341	1.302	10.993	1.481	344	1.376
2000	95.744	50.364	19.886	11.344	1.516	11.196	1.246	192	1.217
2001	123.350	61.648	25.972	14.586	2.396	17.051	1.304	392	1.265
2002	129.803	66.084	22.936	14.288	3.003	21.871	1.211	409	1.423
2003	113.693	57.811	20.477	14.816	2.611	17.627	–	351	1.501
2004	121.746	61.411	21.277	19.363	3.178	16.002	–	514	1.740
2005	110.130	57.621	18.088	19.938	2.889	11.233	–	361	1.756
2006	124.375	63.071	20.536	24.338	3.103	12.867	–	460	1.787
2007	127.619	63.102	21.807	24.776	2.956	14.613	–	365	1.998
2008	171.349	84.859	25.021	34.015	4.243	22.386	–	824	1.950
2009	208.624	101.025	28.003	43.856	7.912	26.503	–	1.325	1.692
2010	220.488	120.884	27.818	40.159	6.748	23.039	–	1.839	1.811
2011	251.573	143.595	28.510	41.782	6.535	29.156	–	1.995	2.173
2012	268.631	141.920	26.929	44.226	12.924	36.927	–	5.705	2.153

Skýringar Notes: Tekin hefur verið upp samræmd flokkun sjávarafurða og því innihalda heildartölur ekki afurðir í loftþéttum umbúðum frá og með árinu 2003. From 2003 canned goods are not included in total numbers.

¹ Á verðlagi hvers árs. At current prices.

Tafla 3. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir löndum 2004–2012

Table 3. Value of exported marine products by country 2004–2012

Millj. kr. á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Samtals Total	121.746	110.130	124.375	127.619	171.232	208.624	220.488	251.573	268.631
Evrópa Europe	97.510	88.601	102.254	107.735	143.944	172.932	176.897	205.969	211.370
Austurríki <i>Austria</i>	2	5	6	7	–	–	–	–	–
Belgía <i>Belgium</i>	3.440	3.721	4.407	4.167	5.599	7.798	8.109	8.715	8.735
Bretland <i>United Kingdom</i>	32.500	28.512	31.149	34.636	42.691	48.667	46.783	44.660	46.855
Danmörk <i>Denmark</i>	6.273	4.804	4.726	6.459	7.738	4.644	6.483	7.620	8.279
Eistland <i>Estonia</i>	30	5	14	34	68	101	91	600	237
Finnland <i>Finland</i>	594	451	400	896	513	525	307	125	599
Frakkland <i>France</i>	7.060	5.711	6.811	5.689	7.071	11.369	13.135	16.501	16.653
Færeyjar <i>Faroe Islands</i>	466	346	950	387	1.063	1.313	1.235	1.560	3.707
Grikkland <i>Greece</i>	2.279	1.304	2.123	1.837	2.355	1.761	1.816	2.052	1.191
Grænland <i>Greenland</i>	43	62	65	67	69	50	131	104	107
Holland <i>Netherlands</i>	5.572	5.937	8.648	9.136	10.792	15.614	13.632	16.409	15.266
Írland <i>Ireland</i>	71	197	506	524	953	876	912	738	516
Ítalía <i>Italy</i>	1.814	1.504	1.602	1.329	2.334	2.331	2.152	2.561	2.728
Króatía <i>Croatia</i>	29	81	165	85	130	123	146	285	188
Lettland <i>Latvia</i>	100	242	130	29	106	34	27	29	69
Litháen <i>Lithuania</i>	1.834	2.382	3.215	2.688	5.586	5.578	8.211	11.388	10.605
Lúxemburg <i>Luxembourg</i>	22	9	26	27	7	7	7	3	1
Noregur <i>Norway</i>	4.360	3.360	6.029	6.999	13.391	20.731	15.204	18.765	21.289
Portúgal <i>Portugal</i>	6.599	4.825	5.109	7.217	8.387	8.398	6.359	9.760	8.621
Pólland <i>Poland</i>	2.255	3.601	1.536	1.273	2.832	4.967	5.565	6.722	7.129
Rússland <i>Russian Federation</i>	1.768	1.391	2.437	2.969	3.798	4.720	10.592	17.987	16.708
Spánn <i>Spain</i>	12.465	12.677	14.156	12.833	15.672	19.243	20.768	21.959	19.724
Sviss <i>Switzerland</i>	220	297	335	402	474	433	380	956	1.284
Svíþjóð <i>Sweden</i>	845	653	605	657	1.193	1.087	976	1.176	1.135
Þýskaland <i>Germany</i>	6.111	5.688	6.325	5.626	7.946	10.380	10.277	11.617	14.271
Önnur Evrópulönd <i>Other European countries</i>	756	836	779	1.761	3.177	2.179	3.599	3.678	5.476
Asía Asia	7.943	8.019	8.383	7.747	10.816	14.232	19.967	22.050	23.604
Hong Kong <i>Hong Kong</i>	96	85	551	348	207	597	882	734	1.225
Ísrael <i>Israel</i>	54	41	45	15	25	35	80	66	71
Japan <i>Japan</i>	5.344	5.301	4.089	4.043	6.504	7.953	11.605	12.092	10.559
Kína <i>China</i>	1.071	1.635	2.698	1.983	2.461	2.818	2.965	5.122	6.579
Malasía <i>Malaysia</i>	15	26	19	12	34	29	328	538	200
Singapúr <i>Singapore</i>	11	41	–	5	12	33	61	15	17
Taíland <i>Thailand</i>	89	30	55	114	146	99	190	218	266
Taívan <i>Taiwan</i>	955	470	112	112	500	2.158	1.871	1.454	1.560
Önnur Asíulönd <i>Other Asian countries</i>	309	390	815	1.116	927	509	1.985	1.813	3.126

Tafla 3. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir löndum 2004–2012 (frh.)

Table 3. Value of exported marine products by country 2004–2012 (cont.)

Millj. kr. á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Afrika <i>Africa</i>	3.488	3.253	3.844	3.740	5.497	10.246	10.520	12.425	16.660
Nígíría <i>Nigeria</i>	3.476	3.246	3.837	3.721	5.443	10.182	10.374	12.257	16.501
Önnur Afríkulönd <i>Other African countries</i>	13	7	7	19	54	65	146	168	159
N-Ameríka <i>N-America</i>	12.462	9.966	9.468	7.947	9.573	9.987	11.701	10.131	14.822
Bandaríkin <i>United States</i>	11.498	9.468	8.848	7.342	8.449	8.902	10.355	9.226	13.334
Kanada <i>Canada</i>	949	488	603	588	1.102	1.024	1.307	849	1.417
Mexíkó <i>Mexico</i>	16	9	18	18	23	60	39	56	71
S-Ameríka <i>S-America</i>	281	238	345	317	934	621	738	753	1.379
Brasilía <i>Brazil</i>	31	30	104	221	506	338	348	372	891
Önnur S-Ameríkulönd <i>Other S-American countries</i>	250	208	241	97	428	283	390	382	489
Eyjaálfa <i>Oceania</i>	60	54	81	132	468	605	667	244	796
Ástralía <i>Australia</i>	57	44	68	78	279	309	479	183	535
Önnur Eyjaálfalönd <i>Other Oceanic countries</i>	3	9	12	54	188	297	188	60	261

Tafla 4. Magn og verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 2011 og 2012
 Table 4. Quantity and value of exported marine products by product categories 2011 and 2012

Magn í tonnum <i>Quantity in tonnes</i>	2011		2012	
	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>
Verðmæti í milljónum króna (fob) á verðlagi hvors árs <i>Value in million ISK (fob) at year prices</i>				
Útflutt alls <i>Marine products, total</i>	672.247	251.573	748.619	268.631
Uppsjávarafli alls <i>Pelagic catch, total</i>	348.844	67.191	430.928	77.810
Síld alls <i>Herring, total</i>	129.722	24.094	114.701	25.551
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	1	1	0	0
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	1	0	63	50
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	13.239	2.735	11.680	3.325
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	31.258	4.381	29.226	4.620
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	2.872	784	879	256
Annað fryst sjávarfang <i>Other frozen marine products</i>	44.877	9.729	46.692	11.708
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	1	0	–	–
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc.</i>	640	212	407	155
Fiskmjöl <i>Fish meal</i>	20.264	3.544	15.765	3.279
Lýsi <i>Fish oil</i>	16.570	2.708	9.987	2.156
Afurðir fiskvinnslu ót.a.s. <i>Fish processing, n.e.s</i>	0	0	2	2
Loðna alls <i>Capelin, total</i>	99.809	18.349	177.709	29.719
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	0	0	1.325	40
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	7.656	550	13.737	1.198
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	20.299	1.735	40.136	3.580
Fryst hrogn <i>Frozen roes</i>	9.945	4.644	11.484	4.749
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	–	–	0	0
Söltuð hrogn <i>Salted roes</i>	73	33	48	25
Fiskmjöl <i>Fish meal</i>	39.934	7.918	77.349	13.885
Lýsi <i>Fish oil</i>	21.904	3.470	33.631	6.243
Kolmunnur alls <i>Blue whiting, total</i>	3.527	446	27.114	2.844
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	2.569	249	20.619	1.610
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	–	–	752	62
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	–	–	452	36
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets, n.e.s.</i>	2	2	17	13
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	–	–	52	47
Fiskmjöl <i>Fish meal</i>	957	196	5.222	1.076
Makrill alls <i>Mackerel, total</i>	109.649	24.135	106.720	19.568
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur. <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	3	1	3	0
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	–	–	72	36
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	–	–	89	20
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	46	15	631	181
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	109.435	24.044	104.538	18.954
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	73	27	1.359	359
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets, n.e.s.</i>	91	48	28	17
Túnfiskur alls <i>Tunas, total</i>	0	1	2	9
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur. <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	–	–	2	7
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	0	1	0	2
Annar uppsjávarfiskur alls <i>Other pelagic fish, total</i>	6.137	165	4.681	120
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	6.135	164	4.681	120
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	2	0	–	–

Tafla 4. Magn og verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 2011 og 2012 (frh.)
 Table 4. Quantity and value of exported marine products by product categories 2011 and 2012 (cont.)

Magn í tonnum <i>Quantity in tonnes</i>	2011		2012	
	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>
Verðmæti í milljónum króna (fob) á verðlagi hvors árs <i>Value in million ISK (fob) at year prices</i>				
Botnfiskafli alls <i>Demersal catch, total</i>	229.704	145.403	225.708	152.663
Porskur alls <i>Cod, total</i>	94.749	77.162	100.508	82.961
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	4.142	1.891	4.710	1.945
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	4.488	5.887	4.481	5.263
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	8.858	13.567	12.084	17.381
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	133	31	65	22
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	1.292	1.091	2.090	1.871
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	9.171	7.198	8.946	7.453
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	24	5	1	1
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	1.537	969	2.683	1.937
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	11.723	8.679	8.590	5.628
Fiskmarningur, frystur <i>Minced or strained fish, frozen</i>	2.530	651	2.945	731
Fryst hrogn <i>Frozen roes</i>	1.123	655	1.359	718
Annað fryst sjávarfang <i>Other frozen marine products</i>	10.834	8.608	11.212	9.536
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	2.504	994	1.655	956
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	19.108	15.539	18.057	14.531
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc</i>	5.224	5.291	5.535	5.114
Söltuð hrogn <i>Salted roes</i>	507	325	398	263
Skreið <i>Stock fish</i>	192	133	835	575
Þurrkaðir hausar <i>Dried fish heads</i>	7.638	3.952	9.159	6.171
Annar hertur, þurrkaður, saltaður fiskur <i>Other dried, salted fish</i>	8	41	1.321	454
Lýsi <i>Fish oil</i>	3.712	1.656	3.948	2.347
Afurðir fiskvinnslu ót.a.s. <i>Fish processing, n.e.s</i>	–	–	434	64
Ýsa alls <i>Haddock, total</i>	22.867	16.130	20.942	16.404
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	5.588	1.619	5.425	1.665
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	2.809	3.002	3.187	3.653
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	1.336	1.777	1.014	1.408
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	250	58	181	44
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	425	402	810	724
Sjófryst flök ót.a.s. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	2.589	1.924	2.340	1.967
Heilfrystur fiskur ót.a.s. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	4	2	0	0
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	919	606	1.051	820
Landfryst flök ót.a.s. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	3.111	2.703	2.030	1.948
Fiskmarningur, frystur <i>Minced or strained fish, frozen</i>	599	145	599	133
Annað fryst sjávarfang <i>Other frozen marine products</i>	2.713	2.446	2.594	2.665
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	8	8	24	16
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	39	20	45	24
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc</i>	33	19	39	33
Skreið <i>Stock fish</i>	18	10	8	6
Þurrkaðir hausar <i>Dried fish heads</i>	2.374	1.093	1.532	928
Annar hertur, þurrkaður, saltaður fiskur <i>Other dried, salted fish</i>	50	296	61	371
Ufsi alls <i>Saithe, total</i>	24.166	12.557	23.203	12.476
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	776	160	644	163
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	703	371	117	81
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	626	496	888	714
